

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð fyrir Alþýðubankann h.f.  
nr. 330 24. nóvember 1972.

**1. gr.**

Við 23. gr. bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

(f) fasteignaveðlán veðdeildar.

**2. gr.**

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Um veðdeildarlán bankans gilda eftirfarandi ákvæði þessarar greinar og annarra greina reglugerðarinnar eftir því sem við á:

(a) Alþýðubankanum h.f. er heimilt að veita veðdeildarlán í því skyni að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkálýðshreyfingarinnar.

(b) Veðdeildarlán skuli vera með veði í fasteign og má lántími vera allt að 10 árum. Bankastjórn ákveður fjárhæð veittra lána. Hvert einstakt lán má ekki vera hærra en 50% af virðingarverði fasteignar þeirrar, sem trygging er tekin í.

(c) Til fjáröflunar fyrir veðdeild er Alþýðubankanum h.f. heimilt að gefa út bankavaxtabréf. Ráðherra ákveður fjárhæð bréfanna og aðra skilmála, að fengnum tillögum bankaráðs.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 13. apríl 1973.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

**1. gr.**

21. grein orðist þannig:

**Um hafnargjöld.**

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her-skip, skemmtiferðaskip, íslenzk varðskip og vitaskip.

**2. gr.**

22. gr. orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

### 3. gr.

23. grein fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

### 4. gr.

24. grein, sem verður 23. grein, orðist þannig:

#### Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest, fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

### 5. gr.

31. grein, sem verður 30. grein orðist þannig:

#### Vörugjaldskrá.

##### 1. fl. Gjald kr. 70,00/tonn:

- Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi, t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
- Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkjagerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

##### 2. fl. Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingarvörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

##### 3. fl. Gjald kr. 400.00/tonn:

- Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veittur allt að 50% afsláttur.

- Vörur, sem ekki eru flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

##### 4. fl. Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

##### 5. fl. Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands.

Aflagjald fellur í gjaldaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjaldsins eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald af öllum flokkum er kr. 20.00.

### 6. gr.

#### Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Þar komi 31. grein og orðist þannig:

Heimilt er hafnsögumanni, ráðnum af hafnarnefnd eða hafnarstjóra, að taka gjald fyrir leiðsögu, sem hér segir, enda óski skipið eftir hafnsögumanni:

- a. Fyrir leiðsögn inn í höfnina kr. 500.00 fyrir hvert skip og auk þess gjald kr. 1.30 fyrir hverja brúttórúmllest.
- b. Fyrir leiðsögu út úr höfninni kr. 370.00 fyrir hvert skip, auk þess kr. 0.90 fyrir hverja brúttórúmllest.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð nr. 157 22. júní 1970, um hafnargjöld landshafnarinnar í Rífi á Snæfellsnesi.

### 1. gr.

1. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

#### Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru her-skip, skemmtiferðaskip, íslenzk varðskip og vitaskip.

### 2. gr.

2. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

#### Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á hverja brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki